

Fundargerð

173. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Priðjudaginn 30. október 2012 kl. 12¹⁵ – 14⁰⁰.

Viðstödd:	Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Bryndís Skúladóttir (BS) Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Halldór Haraldsson (HH) Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)	Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari. Gestur: Kjartan Ingvarsson (KI) lögfr. UAR
-----------	--	--

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Breytingar á lagaákvæðum uum raftæki
- (3) Skýrsla frá WEEE forum
- (4) Upplýsingalög
- (5) Rekstraryfirlit og áætlun 2010 - 2015
- (6) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (172. fundar).

2. Breytingar á lagaákvæðum um raftæki

Fyrir liggur að umhverfis- og auðlindaráðuneytið (UAR) ætlar að breyta lagaákvæðum um raftæki í haust. Kjartan Ingvarsson, lögfræðingur hjá UAR, mætti á fundinn og fór yfir stöðu málefna raftækjaúrgangs hjá UAR. Hann upplýsti að frumdrög að lagabreytingum væru tilbúin. Breyta á 7 gr.a í lögum nr. 162/2002 og þar verði ákvæði um greiðslur úrvinnslugjalds af raftækjum. Stefnt er að því að leggja frumvarp fram á haustþingi og að ákvæðin taki gildi 1.janúar 2013. KI taldi að hægt væri að fresta gildistöku verði það nauðsynlegt vegna útfærslu á meðhöndlun raftækjaúrgangs.

3. Skýrsla frá WEEE forum

Lögð voru fram drög að skýrslu GGS, sem fór í september sl. á ráðstefnu um raftæki, WEEE Forum. Stjórn ræddi um framhaldið.

4. Upplýsingalög

Lögð var fram samantekt sem Lárus (LÓ) hefur tekið saman um upplýsingalögin með hliðsjón af starfssemi Úrvinnslusjóðs. LÓ gerði grein fyrir málinu á fundinum. Hann sagði frá því að Úrvinnslusjóður telst vera stjórnvald samkvæmt skilgreiningu upplýsingalaganna. Farið var síðan yfir ferli sem fyrirspurn þarf að fara til að svara henni með réttum hætti. LÓ fór sérstaklega yfir skaðabótskyldu sem getur skapast við meðferð máls. Hann ræddi um hvað væri ráðstöfun á opinberu fé. Velt var upp þeirri spurningu hvort að sjóðir Úrvinnslusjóðs sem eru greiddir af fyrirtækjum til greiðslu á vinnuframlagi meðhöndlunaraðila væru opinbert fé eða ekki. Að mati

LÓ er erfitt að setja ákveðnar reglur við upplýsingagjöf Úrvinnslusjóðs, heldur þarf eftir sem áður að meta hvert mál fyrir sig.
Kl yfirgaf fund kl. 13:20.

5. Rekstraryfirlit og áætlun 2010 - 2015

Umræðum fram haldið frá síðasta stjórnarfundum. Rætt var að nýju á fundinu rekstraryfirlit og endurkoðuð áætlun 2010 – 2015. Í áætluninni koma fram tillögur um breytingar á úrvinnslugjaldi. ÓK ræddi um uppskiptingu á plastflokknum, þ.e annarsvegar umbúðplast og heyrúlluplast. Stjórn ræddi það að betra væri að hafa samskonar greiðslur við meðhöndlun á flokkuðu úrgangsplasti, en nú er greitt mismunandi eftir því hvort þjónustuaðili er að meðhöndla heyrúlluplast eða annað umbúðplast.

ÓK fór yfir fundi starfsmanna Úrvinnslusjóðs með fagaðilum, SI og SVP. Annars vegar með fulltrúum prentiðnaðrins og hins vegar með málningframleiðendum og innflytjendum. Framleiðendum og innflytjendum var gerð grein fyrir því að hækka þurfi úrvinnslugjald bæði á málningu og leysiefnum.

6. Önnur mál

Rætt var um nýafstaðinn ársfund Úrvinnslusjóðs. Farið var yfir áherslur ráðherra sem fram komu í ræðu á ársfundi um að auka innlenda endurvinnslu. Rætt var um vinnslu Olíudreifingar á úrgangsolíu og svo endurvinnslu á plasti. BS upplýsti að fyrirtæki er ætla að hasla sér völl í endurvinnslu lendi í miklum vandræðum í samskiptum við eftirlitsstofnanir þar sem gerðar eru sömu kröfur til lítilla og stórra aðila, sem gerir litlum sprotafyrirtækjum svo til ómögulegt að hefja vinnslu.

Næsti fundur ákveðinn 20.nóvember 2012.

Fundi slitið kl 14:00